

Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2021
UST202106-064/Þ.V.B.
09.05.01

Umsókn um fararleyfi til Surtseyjar

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Landhelgisgæslu Íslands, dagsett 4. júní 2021, um fararleyfi til Surtseyjar.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006. Óheimilt er að fara í land í Surtsey nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar.

Lýsing verkefnis:

Óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar vegna könnunar á mögulegum landingarstöðum fyrir þyrlu Landhelgisgæslunnar í tengslum við flutning á vísindamönnum til Surtseyjar síðar í sumar. Fyrirhugað er að flugið fari fram fyrir 12. júlí 2021. Þyrlunni verður lent og áhöfn hennar fer út til að kanna aðstæður á landingarstaðnum.

Umsögn

Umhverfisstofnun óskaði eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands, þann 4. júní 2021, um möguleg áhrif könnunarflugsins á fuglalíf svæðisins og á svæðið sjálft. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst Umhverfisstofnun þann 8. júní s.á. þar sem bent er á að í eygni eru rannsóknarreitir sem ekki eigi að raska með umferð. Með umsögninni fylgdi kort þar sem merktir eru rannsóknarreitir. Það sem ber helst að varast í ferðinni er að fljúga ekki lágt yfir varpsvæði fuglsins og alls ekki að lenda inn á þeim. Ofan á móberginu á milli bunkanna á milli reits 17 og 35 eru sprungur með jarðgufum sem eru vaktadár. Álitlegasti landingarstaðurinn er á svæði við Pálsbæ og þyrlupallinn núverandi (norðvestan við reit 31). Þar liggur foksandur ofan á hrauni. Í hrauninu geta leynst holrými eftir kvikuflæði neðanjarðar sem þarf að kanna. Vernda skal hraunið eins og hægt er gegn óþarfa raski.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins. Til að draga úr neikvæðum áhrifum flugsins er æskilegt að það fari fram þegar fuglar hafa að mestu lokið við að liggja á eggjum í byrjun júlí. Verkefnið er ekki talið hafa langvarandi neikvæð áhrif á náttúrufer, einhver skammtímaáhrif gætu orðið á fuglalífi svæðisins, en þó er varp að mestu lokið í byrjun júlí. Verkefnið stuðlar að langtíma jákvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins og er mikilvægt til að halda uppi sterkri stöðu Surtseyjar sem friðlandi og verndarsvæði á heimsminjaskrá UNESCO.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landhelgisgæslunni fyrir sitt leyti leyfi fyrir að fara til Surtseyjar sbr. lýsingu hér að ofan í einn dag á tímabilinu 1.-12. júlí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær ráðgert er að fara og hvaða starfsmenn Landhelgisgæslunnar fara til eyjarinnar með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Fararleyfið er bundið við einn dag á tímabilinu 1.-12. júlí 2021.
- Takmarka skal þann tíma sem dvalið er á svæðinu eins og kostur er.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/próun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Óheimilt er að raska rannsóknarreitum sem eru staðsettir í eyjunni.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun sem verður í för með þyrluáhöfninni.

Virðingarfyllt

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir
sérfræðingur